

Fundur, fundur..

Aðalfundur Bridgesambandsins

I lögum Bridgesambands Íslands segir svo, að á tveggja ára fresti skuli haldinn aðalfundur sambandsins, í september mánuði. Til hans skuli boðað með minnst sex vikna fyrirvara, og skuli fundurinn standa yfir tvo daga. Rétt til þingsetu eiga öll félög innan BSÍ, og fer hlutur fulltrúa eftir félagatölu innan viðkomandi félags.

Þegar þetta er skrifað, er september hálfur og enn örlar ekki á tilkynningu til félaganna um fund þennan. Þó verð ég að játa, að „heyrst“ hefur úr herbudum sambandsins, að aðalfundurinn verði haldinn í næsta mánuði. Þó svo væri, vil ég áminna stjórn sambandsins, að halda settum reglum og boða til þessa fundar á réttan hátt. Útséð er um það, að fundurinn verði haldinn í þessum mánuði, en burtséð frá því, ætti stjórnin að leitast við að halda fundinn sem fyrst. Það er út í hött, að vera með svona fundi seint á árinu, og þyrfti að flyta þessum ákvæðum þannig, að framvegis skuli þingað í ágúst mánuði, svo stjórn BSÍ geti hafist handa strax um haustið, er félögin byrja sína starfsemi.

Allur silaháttur hlýtur að koma niðri á skipulagi í starfsemi, hvort sem á í hlut sersamband eða félag.

Ég tek undir þá hugmynd að lokum, að halda fund þennan í Munaðarnesi, við fyrsta tækifæri. Þó mætti kanna viðhorf utanbæjarfélaganna til þessa,

en séu þau neikvæð skal leitast við að halda þing í Reykjavík, eða á öðrum aðgengilegri stað.

Frá bikarkeppni BSÍ

Nú standa yfir leikir í 3. umferð mótsins (8 liða úrslitum).

Sveit Guðmundar Páls Arnarsonar sigraði Jóhannes Sigurðsson úr Keflavík, nokkuð örugglega. Sveit Guðmundar hefur því tryggt sér sæti í undanúrslitum.

Og síðan áttust við sveitir Jóns Ásbjörnssonar og Vigfúsar Pálssonar. Sveit Jóns sigraði mjög örugglega, og hefur tekið sæti í undanúrslitum.

Á morgun eigast við sveitir Þórarins Sigþórssonar og Steinbergs Ríkharðssonar. Þá er ólukið leik milli sveita Hjalta Eliassonar og Guðmundar T. Gíslasonar.

Frá Ásunum

Þá er keppni lokið í sumarbridge 1978. Sigurvegari varð Esther Jakobsdóttir. Hún er margreynd keppiskona, enda landsliðsmaður í greininni. Félagið óskar henni hjartanlega til hamingju, með sigurinn. Hún sigraði einnig 1976, er félagið hóf sumarbridge. Úrslit sl. mánu dags:

A-riðill:	stig:
1. Hrólfur Hjaltason —	
Jón Páll Sigurjónsson	126
2-3. Jón Pálsson —	
Kristín Þórðardóttir	118
2-3. Runólfur Pálsson —	

Vigfús Pálsson	118
4. Georg Sverrisson —	
Kristján Blöndal	113
5-6. Helgi Ólafsson —	
Jónas P. Erlingsson	107
5-6. Baldur Bjartmarsson —	
Jón Oddsson	107

B-riðill:	
1. Sigurður Sverrisson —	
Guðmundur Pétursson	221
2. Björn Eysteinnsson —	
Magnús Jóhannsson	198
3. Óli Már Guðmundsson —	
Þórarinn Sigþórsson	197
4. Guðmundur Páll Arnarson	
Sverrir Ármannsson	193
5. Halla Bergþórsdóttir —	
Esther Jakobsdóttir	174
6. Albert Þorsteinsson —	
Sigurður Emilsson	170

Alls tóku 22 pör þátt í keppni sl. mánudag. Meðalskor var 108 st. í A, en 165 stig í B-riðli.

Alls hafa 239 pör spilað í sumar hjá Ásunum.

Þessir urðu efstir í stiga-keppni í sumarbridge:	
Esther Jakobsdóttir	11 st.
Þorlákur Jónsson	10,5 st.
Guðm. Páll Arnarson	10 st.
Guðmundur Pétursson	9 st.
Sævar Þorbjörnsson	8 st.
Baldur Bjartmarsson	8 st.
Jón Oddsson	8 st.

Næsta keppni félagsins er 3 kvöld haust-tvimenningskeppni. Keppnisstjóri er Ólafur Lárusson. Í fyrra báru Einar Þorfinnsson og Sigtryggur Sigurðsson sigur úr ýtum.

— Hvað gerðist nú? Keppni hefst kl. 20.00.

Frá BR

Regluleg vetrarstarfsemi félagsins hefst nk. miðvikudag,

bridge



Umsjón:
Ólafur
Lárusson

13. des., miðv., Sveitakeppni „Swiss movement“.

Framkvæmdastjóri félagsins er Ólafur Lárusson, í síma 41507. Nauðsynlegt er, að tilkynna þátttöku í öll lengri mót með viku fyrirvara til framkvæmdastjóra eða stjórnar-meðlims. Formaður félagsins er Baldur Kristjánsson.

Félagar eru hvattir til að vera með frá byrjun.

20. sept. Spilað verður í Domus Medica.

Keppni hefst með eins kvölds upphitunartvimmenning. Að sjálfsögðu eru allir hjartanlega velkomnir og gamlir félagar hvattir til að taka með sér nýja féлага. Keppnisstjóri verður Ólafur Lárusson. Sú nýjung hefur verið tekin upp, að keppni hefst kl. 19.30. Skorað er á væntanlega spilara að mæta tímanlega til skráningar, svo keppni geti hafist á settum tíma. Stjórn félagsins skipa: Baldur Kristjánsson formaður, Þorfinnur Karlsson, Páll Bergsson, Sigmundur Stefánsson og Sævar Þorbjörnsson.

Sérstakur framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn að félaginu í vetur, er það Ólafur Lárusson. Nánar síðar.

Keppnisyfirlit BR sept.- des.

Domus Medica kl. 19.30 á miðvikudögum, nema 10. okt. og 7. nóv., en það eru þriðjudagar. 20. sept., miðvikudagur: Tvímenningskeppni. 27. sept., miðvikudagur: Tvímenningskeppni. 4-18. okt., miðv.-þriðjud.-miðv., Hraðsveitakeppni. 25. okt.-15. nóv., miðv.-miðv.-þriðjud.-miðv. Butler-keppni. 22. nóv.-6. des., allt miðv. Board-a-match sveitak.

Nýtt félag innan BSÍ

I sumar, gengu Vopnfirðingar inn í BSÍ. Formaður félagsins (talsmaður) er Þorsteinn Ólafsson.

Þátturinn býður þá hjartanlega velkomna, um leið og hann fer fram á samvinnu á vetri komanda.

Gaman væri að fá nánari upplýsingar um stærð félagsins og umsvif, keppnistilhögun og stefnumál.

Vopnfirðingar, látið heyrast í ykkur.

Frá TBK

Keppnisyfirlit félagsins fram að áramótum er hér: Spilaður Domus Medica. Keppnisstjóri Agnar Jörgenson:

14. sept. sl. Tvímenningsur. 21. sept.-19. okt. Aðaltvimmenningur félagsins 5 kv. 26. okt.-23. nóv. Hraðsveitakeppni. 5 kvöld. 30. nóv.-14. des. Jólavtmenningsur, 3 kvöld. Væntanlegir þátttakendur geta látið skrá sig hjá Eiríki Helgasyni form., í síma 7-6174. Félagar eru hvattir til að vera með frá byrjun. Spilað er á fimmtudögum, og hefst keppni kl. 20.00.



FÍM-félagar virða fyrir sér nokkur verkanna á haustsýningunni. — Ljós.: Leifur.

Haustsýning FÍM með nýju sniði

I dag kl. 15:00 opnar Félag Ísl. myndlistarmanna hina árlegu haustsýningu sína í sýningar-sal félagsins að Laugarnesvegi 112.

25 félagsmenn sýna verk sín á sýningunni, sem verður með nýju sniði í ár. Hér er um að ræða fyrirkomulag sem norskir myndlistarmenn hafa tekið upp og nefna mini-utstilling. Stærð myndanna eru ákveðin takmörk sett, og verði þeirra er í hóf stillt. Hámarksstærð mynda á

haustsýningu FÍM er 50x50 cm og miðað er við að engin myndanna verði dýrari en 100.000 krónur.

I Noregi hefur raunin orðið sú, að ungt fólk hefur sótt þessar sýningar mikið og þá gjarnan keypt þar sínar fyrstu myndir. Ungir listamenn senda þangað myndir, og einnig eldri og þekktari listamenn, sem senda þangað smærri og ódýrari myndir sínar.

Hálft annað ár er nú liðið síðan FÍM festi kaup á sýningarsalnum að Laugarnesvegi 112. Hann er um 150 ferm að stærð, og auk þess er geymslurými í kjallara.

Þegar blaðamann þjv. bar

þar að í fyrradag sem FÍM-félagar voru í óða önn að hengja upp myndir sínar, var svo að heyra sem talsverður urgur væri í þeim vegna verðhækkana á vörum til myndlistariðkunar. Sem dæmi nefndu þeir, að rúlla af striga hefði hækkað um 130% á einu ári, nú síðast vegna gengislækkunarinnar og væri þó ekki um 30% vörugjald að ræða. Vörugjald er hinsvegar hækkað á flest annað sem listamenn þurfa að nota. Listin er lúxus, skilst manni — sögðu þessir reiðu menn. Reyndar hefur hún alltaf verið það — þessar vörur hafa alltaf verið í sama toll-flokki og t.d. ilmöt. En kannski hafa menn átt von á að vinstri stjórn myndi breyta því, fremur en hitt.

Haustsýning FÍM verður opin virka daga kl. 15-19 og kl. 15-22 um helgar, og lýkur sunnudaginn 24. sept.

ih

Útboð

Tilboð óskast í að gera verknámsbyggingu Iðnskólans á Selfossi fokhelda og fullfrágengna að utan með gleri. Lokið er við að steypa undirstöður, fylla í grunn og leggja holræsalagnir. Skila skal húsinu fokheldu 1. febr. 1979 en ljúka verkinu eigi síðar en 1. maí 1979. Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu bæjartæknifræðings Eyrarvegi 8 Selfossi frá og með mánudeginum 18. sept gegn 20. þús. kr. skilatryggingu. Tilboðin verða opnuð á sama stað mánudaginn 2. okt. kl. 14 að viðstöddum þeim bjóðendum, er þess óska.

Bæjartæknifræðingur Selfoss



Félag
járníðnaðarmanna

Félagsfundur

Verður haldinn mánudaginn 18. sept. 1978 kl. 8.30 e.h. í Domus Medica við Egilsgötu.

Dagskrá:

1. Félagsmál
2. Kjaramál
3. Önnur mál

Mætið vel og stundvislega

Stjórn Félags járníðnaðarmanna.

**Auglýsingasíminn er
81333**